

Reifun á úrskurði nr. 20/2017 - Tollflokkun og álagning virðisaukaskatts á glerlistaverk

R kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun og álagningu virðisaukaskatts á eigið listaverk við innflutning. Um er að ræða listaverk úr steindu gleri sem sett er í glugga innan við venjulegt gler sem listskreyting. Kærandi fer fram á að fá útlagðan kostnað við greiðslu virðisaukaskatts við innflutning verksins endurgreiddan, enda sé um að ræða eigið listaverk.

Niðurstaða: Um lagagrundvöll fer eftir 4. tl. 36. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 2. tl. 39. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Samkvæmt nefndum ákvæðum skulu listaverk vera undanþegin virðisaukaskatti, flokkist þau undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000 og séu flutt inn af listamanninum sjálfum eða á hans vegum. Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts hefur því tvo skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt. Ljóst er að kærandi er listamaðurinn sjálfur og stóð hann að innflutningi verksins. Tollstjóri efast þá ekki um listrænt gildi verksins, en hins vegar eru ekki öll listaverk undanþegin greiðslu virðisaukaskatts, þar sem skilyrt er að verkið falli í eitthvert númer í vörulið 9701-9703 í tollskrá. Niðurstaða Tollstjóra er sú að umrætt verk falli ekki í áðurgreind númer heldur sé um að ræða blýgreipt gler og þess háttar sem tiltekið er í vörulið 7016 í tollskrá. Vísar Tollstjóri í þessu sambandi til úrskurðar Ríkistollanefndar í sambærilegu máli nr. 9/2011. Ákvörðun Tollstjóra var því breytt á þann veg að varan var færð úr tollflokk 7013.9900 í 7016.9001. Varan ber eftir sem áður virðisaukaskatt við innflutning.